



Helstu COVID skjöl sem er gott fyrir deildir að hafa við hendina ef upp koma COVID smit hjá sjúklingum eða starfsmönnum (eða grunur um smit):

Hvað á að gera þegar sjúklingur leggst inn, er útsettur fyrir COVID-19 eða greinist með COVID-19?

1. Flæðiritið „[Útsettur sjúklingur – við innlögn eða innliggjandi](#)“ sýnir hvernig meta á útsetningu sjúklings við innlögn og viðbrögð ef sjúklingur er útsettur í samfélagi/á Landspítala.
2. Í skjalinu „[COVID-19 – smit greinist hjá sjúklingi utan sóttkvíar á Landspítala](#)“ eru leiðbeiningar um hvernig brugðist er við á deild ef grunur vaknar um smit hjá innliggjandi sjúklingi.
3. Leiðbeiningar um smitgát þegar sjúklingur er í [einangrun vegna COVID](#) smits (eða grunur um smit) og þegar sjúklingur er í [einangrun vegna sóttkvíar](#) (útsettur fyrir covid-19).
4. Gæta þess að nægilegt magn af viðeigandi hlífðarbúnaði sé aðgengilegt. Leiðbeiningar um hlífðarbúnað í einangrun vegna sóttkvíar, einangrun vegna COVID smits og pöntunarferli fyrir hlífðarbúnað er að finna í gæðaskjalinu „[COVID-19 – hlífðarbúnaður](#)“.

Hvað á að gera ef starfsmaður er útsettur fyrir COVID-19 eða starfsmaður er veikur og með öndunarfæraeinkenni?

1. Ekki er skylda að fara í sýnatöku skv. sóttvarnareglugerð en hvatt er til þess. Ráðlagt er taka allan öndunafærapanelinn hjá starfsmönnum (ef starfsmaður greinist með influensu er hægt að gefa honum Tamiflu til að stytta veikindatímamann). Starfsmaður á klínískri deild getur farið í sýnatöku á sinni deild en starfsmaður utan klínískrar deildar getur farið í sýnatöku á auglýstum tíma hjá starfsmannahjúkrunarfræðingum.
2. Flæðiritið „[Útsetning fyrir COVID-19 – starfsmaður Landspítala](#)“ sýnir hvernig bregðast á við þegar starfsmaður er útsettur fyrir COVID á heimili eða í vinnu.